

REGLUGERÐ

um söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1955, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1955, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Söluskattur af innfluttum vörum.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Síldarkrydd, blandað.
10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Mais, ómalaður.
11	6	Mjöl úr mais.
	12	Grjón úr mais (kurlaður mais).
	22	Klíð.
12	5	Alfaalfamjöl (lucernemjöl).
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
	25	Krit, þvegin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	14	Steinolía, óhreinsuð (hráolía).
	15	Flugvélabenzín.

Tollskrá:
Kafli. Nr.

168

29. des.

- 17 Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.
18 Smurningsolíur.
- 28 39 Kalsíumkarbonat, fellt.
- 30 2 Barkarlitur.
- 32 6 Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
- 35 1—10 Tilbúinn áburður.
- 36 1 Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
- 39A 2 Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.
- 11b Netjakúlur úr plasti.
- 11c Nótaflotholt úr plasti.
- 40 7 Ósagaður trjáviður í fisktrönur.
- 21 Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
- 22 Spons úr trjáviði.
- 23 Siglugjarðir úr trjáviði.
- 24 Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði.
- 26 Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
- 27 Aðrir trékassar.
- 28 Síldartunnur.
- 46 Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
- 47 Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
- 41 1 Korkplötur, óunnar.
- 6 Netja- og nótakorkur alls konar.
- 42 2 Strámottur til umbúða.
- 44 11 Dagblaðapappír.
- 17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m².
- 33 Vaxbornar pappaubúðir, einnig tilsníðnar.
- 45 3 Dagblöð, vikublöð og tímarit.
- 6 Frimerki íslenzk, ónotuð.
- 8 Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvilík verðbréf.
- 46B 1 Óspunnir nylonþræðir til netjagerðar.
- 5 5 Netjagarn úr nylon, einlitt.
- 48 6 Netjagarn úr baðmull.
- 49 2 Hampur.
- 5 5 Netjagarn úr hör eða ramí.
- 8 Netjagarn úr hampi.
- 9 Botnvörpugarn úr hampi.
- 16 Mottur til umbúða.
- 22 Umbúðastrigi úr jútu.
- 50 12 Færi og línur til fiskveiða.
- 13 Öngultaumar.
- 17 Grastóg.
- 18 Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
- 19 Fiskinet og fiskinetjaslóngur úr nylon og öðrum gervipráðum.
- 19a Fiskinet og fiskinetjaslóngur úr öðrum vefjarefnum.
- 50 21 Netjateinungar með blýi eða korki.
- 22 Lóðarbelgir.

168 Tollskrá:

29. des. Kafli. Nr.

52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl og sams konar pokar utan um netjagarn.
60	15	Netjakúlur úr gleri.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.
63	11	Gjarðajárn.
	26a	Fiskkörfur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum.
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	85	Blikkdósir og blikkkassar með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járni, ót. a.
	97	Netjakúlur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum.
64	13	Veifarfaralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
	10	Fiskkassar úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
67	5	Blýlóð (sökku).
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir.
73	78	Röntgentæki og hlutar til þeirra.
75	3	Snjóþreifreiðar.
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífar og tilheyrandi.
	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.
	4	Herpinótabátar.
77	16	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.
	35	Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.
81	6	Hvalveiðaskutlar.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frimerki, ót. a., og önnur slík merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaптúnum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tollaftirlit, reglugerðar nr. 123/1938, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

5. gr.

Söluskattur af sölu og annarri veltu.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 46/1954, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.
 Innkaupastofnun ríkisins.
 Rekstur kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða.
 Landssmiðjan.
 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
 Ríkisútvarpið.
 Útgerð skipa.
 Viðgerðarstofa útvarpsins.
 Viðtækjasmiðjan.
 Viðtækjaverzlunin.

168

29. des.

6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

A.

1. Heildsala, ef varan er seld eða afhent aðila, sem er söluskattskyldur af sölu eða afhendingu sams konar vara. Til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðsviðskipti (umboðs-sala) eru að öðru leyti skattskyld og greiðist skattur í þeim viðskiptum ekki aðeins af heildarandvirði því, sem gengur til umbjóðandans (framleiðanda eða iðnaðarmanns), heldur og af öllu því andvirði (heildarandvirði því), sem umboðsmaðurinn (smásali eða smásölufyrirtæki) tekur við. Af sölu eða afhendingu bóksala (bókabúða eða annarra smásölufyrirtækja á bókum) í umboðsviðskiptum, skal þó aðeins greiða af umboðspóknun hans, og einnig skal umboðsmaður, sem framleiðandi eða iðnaðarmaður notar sem millilið milli sín og smásala eða smásölufyrirtækja aðeins greiða af umboðspóknun (milliliðapóknun) sinni.

B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum og sala trékassa og pappaubúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskútflýjtjenda.

C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Akstur vörubifreiða og fólksbifreiða.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum og kolum og salti.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnæðis.
6. Iðgjaldatekjur váttryggingarféлага.
7. Netjagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkrahúsa.
10. Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita.
11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.

Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskattii skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskattii

- 168 29. des. verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
13. Skóviðgerðir.
 14. Smíði á skipum og bátum.
 15. Tannlækning og tannsmíði.
 16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
 17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.
 18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
 19. Slátrun búfjár.
 20. Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

7. gr.

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

- a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
- b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala (umboðsviðskipti), sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru (sjá þó 6. gr. A 2) án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskyld lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

8. gr.

168

29. des.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júni, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áæla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvíska greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

9. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynleg til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer eftir lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit. o. fl.

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

168

13. gr.

29. des.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112/1950 og lögum nr. 108/1954, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1954.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kjartan Ragnars.

169

16. des.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Skúla læknis Árnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Skúla læknis Árnasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Skúla læknis Árnasonar. Er hann stofnaður með fjárframlagi þriggja undirritaðra barna hans og nemur að viðbættum nokkrum minningargjöfum kr. 5000.00.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu rektors Menntaskólans í Reykjavík, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má auka með tillögum, en aldrei skerða. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins og birt í skýrslu skólans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna árlega nemanda fyrir góða frammistöðu í latínu á stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík. Ekki er það til skilið, að nemandinn hljóti ágætiseinkunn í latínu. Þau ár, sem enginn hlýtur verðlaun úr „Verðlaunasjóði fjörutíu ára stúdenta frá Latínuskólanum í Reykjavík 1903“, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hæsta einkunn fær í latínu, ella sá, sem næsthæsta einkunn hlýtur. Til verðlaunanna má verja $\frac{2}{3}$ af ársvöxtum sjóðsins, en afgangur þeirra skal lagður við höfuðstólinn. Fyrst um sinn skulu verðlaunin vera vönduð bók. Henni má síðar fylgja nokkur fjárhæð, ef vextirnir aukast að mun.

4. gr.

Hætti latína að vera prófgrein við stúdentspróf í Menntaskólanum, skal verðlauna fyrir góða íslenzkukunnáttu samkvæmt ákvæðum 3. greinar hér að framan.

5. gr.

Sjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn, sem í eiga sæti: Rektor Menntaskólans, eða latínukennari (aðalíslenzkukennari) skólans og einn af stofnendum sjóðsins, meðan þeir eru á lífi, en síðan einhver ættingi Skúla Árnasonar, sem rektor kveður til. Rektor sé formaður sjóðsstjórnar, er ákveður verðlaun, í fyrsta sinn vorið 1955.